

Nd. **1088. Nefndarálit** [302. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Þetta frv. er náskylt frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sem undirrituð leggja til að verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Enda þótt ljóst sé að ágreiningur er ekki jafn mikill um þetta frv. telja undirrituð eðlilegt að þessi tvö mál fylgist að og leggja því til að þetta frv. verði afgreitt á sama hátt og 301. mál með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem áriðandi er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frv., sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. maí 1984.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr., frsm.

Steingrímur J. Sigfússon.